

## GJALDSKRÁ

**fyrir Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda (BHS).**

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar:

1. Mjólkurframleiðendur sem eru með í afurðaskýrsluhaldi hjá BÍ:
  - 1.000 kr. hver sæðing hjá fyrsta kálfs kvígu.
  - 2.000 kr. hver sæðing hjá eldri kúm.
2. Allir aðrir nautgripabændur:
  - 2.800 kr. hver sæðing.

2. gr.

Vinna fyrir einstaklinga eða fyrirtæki sem eru aðilar að BHS við áætlanagerð, búfjárskoðanir, ráðgjöf, úttektir, matsgerðir, vottorð og ýmsa aðra sérhæfða vinnu allt að kr. 4.000, á klst.

3. gr.

Vinna fyrir einstaklinga eða fyrirtæki sem ekki eru aðilar að BHS við áætlanagerð, búfjárskoðanir, ráðgjöf, úttektir, matsgerðir, vottorð og ýmsa aðra sérhæfða vinnu allt að kr. 8.000 á klst.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. - 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda nr. 489/2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. apríl 2007.*

F. h. r.

**Hákon Sigurgrímsson.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*